

**3424. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
9. júlí 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ólafur Adolfsson varamaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 2001139 - Kjarasamningur milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélags Akraness

Málefni kjarasamnings Eflingar við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Vilhjálmur Birgisson tekur sæti á fundinum undir þessum lið kl. 08:15.

Bæjarráð þakkar Vilhjálmi fyrir hreinskiptnar og góðar umræður.

2. 1902095 - Starfshópur um framtíðarskipulag mötuneytismála

Bæjarráð tók fyrir afurð starfshóps um framtíðarskipulag mötuneytismála á fundi sínum þann 25. júní sl. og vísaði henni til kynningar í stjórn Höfða.

Elsa Lára Arnardóttir formaður stjórnar Höfða fer yfir athugasemdir og umræður frá þeim kynningarfundum.

Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og fulltrúi í starfshópi mötuneytismála tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð felur starfshópunum að greina nánar eftirfarandi valkosti:

1. *Bætt verði úr núverandi stöðu mötuneytismála með endurmati á gæðum matseðla, næringarráðgjöf og innkaupum.*
2. *Útboð á þjónustunni í aðstöðu kaupstaðarins eða útboð óháð aðstöðu.*

Bæjarráð felur starfshópunum að greina nánar framkvæmdina, kostnaðinn og ávinninginn sem fylgir framangreindu. Bæjarráð óskar eftir því að greiningin liggja fyrir eigi síðar en um mánaðarmótin september/október.

3. 1908011 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur

Greiningarvinna lögð fram um fjármagn til Íþróttafélaga og Íþróttabandalagsins á Akranesi.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri fer yfir greininguna.

Bæjarráð þakkar bæjarstjóra fyrir umfangsmikla greiningu og kynningu hennar. Bæjarráð felur bæjarstjóra að kynna greininguna fyrir fulltrúum skóla- og frístundaráðs og leggur bæjarráð til að því loknu verði málið tekið fyrir á sameiginlegum fundi ráðanna í ágúst.

4. 2007050 - Samstarf um fjölgun íbúða, eflingu stafrænnar stjórnsýslu og upplýsingagátt

Viljayfirlýsing Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Akraneskaupstaðar um fjölgun íbúða, eflingu stafrænnar stjórnsýslu og upplýsingagátta í Akraneskaupstað

Viljayfirlýsingin lögð fram til kynningar. Bæjarráð óskar eftir umsögn velferðar- og mannréttindaráðs og skipulags- og umhverfisráð.

5. 2006227 - Endurhönnun grunnskólalóða

Framkvæmd á 1. áfanga endurgerðar lóðar við Brekkubæjarskóla. Fyrir liggur tillaga frá starfshópi um endurhönnun grunnskólalóða. Fyrsti framkvæmdahluti er áfangi á endurgerð lóðar við Brekkubæjarskóla. Í þeim áfanga felast framkvæmdir við aparólu, nýja botavelli s.s. körfuboltavöll og pokóvelli, mótun á sleðabrekku og setþrepum. Áætlaður kostnaður fjárfestingar er um 10 milljónum króna umfram það sem reiknað var með í fjárhagsáætlun 2020. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun 2020 vegna þessa mismunar.

ELA vikur af fundi við afgreiðslu málsins.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir breytingu á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir viðauka nr. 22 við fjárhagsáætlun 2020. Viðaukinn felur í sér aukningu á fjárfestingaráætlun að upphæð 10 m. kr. og auknum kostnaði skal mætt með lækkun á handbæru fé.

6. 1911011 - Höfðasel 16 - viðhaldsverkefni

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að gerður verður viðauki til að mæta auknum kostnaði vegna viðhalds á girðingu meðfram gámastöðinni við Höfðasel.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir viðauka nr. 23 við fjárhagsáætlun 2020. Viðaukinn felst í aukningu á framkvæmdaáætlun og auknum kostnaði skal mætt með lækkun á handbæru fé.

7. 2001272 - Deiliskipulag Stofnanareits - Stillholt 9

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir meðfylgjandi greinargerð sem inniheldur svör við þeim athugasemdum sem bárust við grenndarkynninguna.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir að deiliskipulagsbreytingin vegna Stofnanareits - Stillholt 9 verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

8. 2004058 - Dalbraut 6 - leiguíbúðir fyrir aldraða

Niðurstaða umsóknar Leigufélags aldraða hses. til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um stofnframlag vegna uppbyggingar á 34 íbúðum við Dalbraut 6 á Akranesi.

Lagt fram til kynningar.

Bæjarfulltrúarnir ELA og VLJ fagna þessari úthlutun fyrir uppbyggingu á leiguíbúðum fyrir aldraða við Dalbraut 6.